

## Landsyfiréttardómar 1906.

---

Mánudaginn hinn 5. marz mánaðar.

Nr. 1/1906:           Hið opinbera  
                                  gegn  
                                  Karli Ólafssyni.  
D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 4. des. f. á., var hinn kærði Karl Ólafsson skipstjóri í Reykjavík dæmdur fyrir brot gegn lögum nr 32, 13. des. 1895, 8. gr. og reglugerð um slökkvilið Reykjavíkur 31. okt. 1874, 2. gr., til að greiða 10 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur og allan af málinu leiðandi kostnað, en þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með játningu kærða, að hann, sem er skyldur til slökkviliðsþjónustu í Reykjavík, lét farast fyrir að koma á slökkviliðsæfingu 2. des. f. á., er fyrirskipuð var af bæjarfógeta og honum boðuð sérstaklega. Og með því að kærði hefir ekki getað borið fyrir sig þær tálmanir fyrir komu sinni eða afsaknir, er talist geti lögleg forföll, þá gat hann eigi komist hjá sektum fyrir brottvist sína, samkvæmt ofan-

nefndum lagafyrirmælum, en upphæð sektarinnar þykir eftir atvikum nægilega ákveðin 5 kr.. og ber að staðfesta lögreglurettardóminn með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Lögreglurettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sé 5 kr. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi, yfirtarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Guðm. Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 35/1905:

P. Nielsen

gegn

Sturlu Jónssyni

#### Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Reykjavíkur áfrýjandinn verzlunarstjóri P. Nielsen á Eyrarbakka gegn stefnda, kaupmanni í Reykjavík Sturlu Jónssyni, til þess